

91 Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum
3. maí af fasteignaveðslánum bænda, sem er fram yfir 5%.

Heimild þessi nær til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkur-
búa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga. Á sama hátt
heimilast ríkisstjórninni að greiða til Ræktunarsjóðs 1% af þeim jarðræktar-
bréfum, sem eru í eign annara en Búnaðarbanka Íslands.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalúborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

92

3. maí

L Ö G

um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að setja með reglugerð ákvæði um
meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á öllum þeim sjávarafurðum, sem
ekki er áður mælt fyrir um í sérstökum lögum.

2. gr.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt
lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna
í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 2. gr. laga nr. 88 19. júní 1933.

92

3. maí

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um eftirlit með skipum.

93

3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skípshöfn er svo áfátt, eða það er svo ofhlaðið mönnum eða munum eða vanhlaðið, eða illa birgt að vistum eða vatni, að kolum eða öðrum vélanaudsynjum, ef það er gufuskíp eða vélskip, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður, vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með því en venjulegt er við siglingar.

2. gr.

Setja skal með reglugerð, er atvinnuáráðuneytið gefur út, nánari ákvæði um, hverjar kröfur gera skuli til þess, að skip verði talið haffært, eftir því hvert skipið er og hvaða ferðir því eru ætlaðar, og um það, hvers gæta skuli við skipaskoðanir, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum og alþjóðasamþykktum.

Í sömu reglugerð skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og